SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Við erum Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Íslands er landssamband skógræktarfélaga. Meginmarkmið félagsins samkvæmt lögum þess er að vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu, að endurheimta gróðurlendi og klæða landið skógi. Félagið er málsvari skógræktarfélaganna, gætir hagsmuna þeirra og kemur fram fyrir þeirra hönd þegar þörf krefur.

Skógræktarfélag Íslands var stofnað 27. júní árið 1930, á Alþingishátíðinni á Þingvöllum. Í gegnum áratugina hefur félagið stundað öfluga fræðslu- og útgáfustarfsemi, gefur m.a. árlega út Skógræktarritið og sendir reglulega út fréttabréfið Laufblaðið, en einnig hefur félagið komið að margvíslegum verkefnum tengdum skógrækt, eitt og sér eða í samstarfi við aðra. Skógræktarfélag Íslands veitir einnig ýmis ráð varðandi skógrækt og stuðlar að hvers konar umhverfisbótum.

Innan vébanda Skógræktarfélags Íslands eru sextíu skógræktarfélög um land allt. Samanlagt eru félagsmenn rúmlega sjö þúsund talsins og eru þá ótaldir allir þeir Íslendingar sem stunda skógrækt án sérstakrar félagsþátttöku. Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands eru átta talsins og eru skrifstofur þess að Þórunnartúni í Reykjavík.

FÖRST Rely on It

MEIRI KRAFTUR
MEIRI AFKÖST

Kynntu þér einn vinsælasta trjákurlara Evrópu. Hreinir Garðar er umboðsaðili Först á Íslandi.

HREINIR GARÐAR

hreinirgardar.is
571-2000

Verkefnin okkar

Skógræktarfélag Íslands kemur að og annast ýmis verkefni tengd skógrækt. Það gerir félagið í samvinnu við einstök skógræktarfélög, önnur samtök eða sjóði, fyrirtæki eða einstaklinga, bæði innanlands og utan. Þá gegnir Skógræktarfélag Íslands mikilvægu fræðsluhlutverki um mikilvægi landgræðslu og skógræktar, til að mynda með útgáfu tímarita og fréttablaða, auk þess að vera öflugur málsvari skógræktenda á Íslandi.

Umfangsmesta skógræktar- og landgræðsluverkefnið á borði Skógræktarfélags Íslands eru Landgræðsluskógar. Á vegum verkefnisins hafa skógræktarfélögin séð um gróðursetningu á fleiri hundruð þúsund trjáplantna árlega allt frá árinu 1990. Lætur því nærri að gróðursett hafi verið í um 400 til 500 hektara lands árlega.

Meðal annarra verkefna sem Skógræktarfélag Íslands kemur að eru Opinn skógur, Kolviður, Yrkja og Rótarskot auk þess að veita árlega viðurkenningu fyrir Tré ársins. Nánari upplýsingar um verkefnin má nálgast á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, skog.is

GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL
www.grodrarstod.is

Ábyrgar loftslagsaðgerðir
FYRIR FRAMTÍÐINA
SKÓGAR KOLEFNI
skogarkolefni.is

LBHÍ
NÁTTÚRULEGA
FRAMÚRSKARANDI
HÁSKÓLI
Kynntu þér spennandi
námsmöguleika hjá okkur.
NÁTTÚRA & SKÓGUR
RÆKTUN & FÆÐA
SKIPULAG & HÖNNUN

Mikilvægi skógræktar

Það er keppikefli Skógræktarfélags Íslands að stuðla að öflugri skógrækt hér á landi. Þrátt fyrir að Ísland sé ekki lengur skógi vaxið milli fjalls og fjöru, eins og Ari fróði nefnir í Íslendingabók, fylgja því fjölbreyttir og ótvíræðir kostir að stefna að stækkun skóglendis á Íslandi. Meðal þeirra eru:

Kolefnisbinding:

Skógar á Íslandi gegna mikilvægu hlutverki við að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu. Þegar tré vaxa, fanga þau og geyma kolefni. Í ljósi mikilvægis þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu stuðlar kolefnisbindingargeta íslenskra skóga að bæði innlendum og alþjóðlegum loftslagsmarkmiðum.

Jarðvegsbinding:

Með skógrækt, sérstaklega á viðkvæmum svæðum, má auka stöðugleika jarðvegs, draga úr landfoki og tapi á frjósömum jarðvegi. Þetta er mikilvægt til að viðhalda framleiðni í landbúnaði, vernda dýrmæt vistkerfi og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni.

Afþreyingar- og fagurfræðilegt gildi

Íslenskir skógar bjóða upp á einstakt og friðsælt umhverfi fyrir afþreyingu eins og gönguferðir, útilegur og fuglaskoðun. Heimamenn og ferðamenn kunna að meta fegurð og friðsæld skóglendis. Skógar stuðla því ekki aðeins að líkamlegri og andlegri vellíðan heldur styðja jafnframt ferðaþjónustu landsins og eflir þannig íslenskt atvinnulíf.

Skógrækt á Íslandi er þannig í samræmi við mörg af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna; eins og um heilsu og vellíðan, hreint vatn og hreinlætisaðstöðu, sjálfbæra orku, nýsköpun og uppbyggingu, aðgerðir í loftslagsmálum og líf á landi.

Garðplöntustöðin
NÁTTHAGI

Nátthaga Ölfusi · 816 Ölfus
Sími: 698 4840
natthagi@natthagi.is
www.natthagi.is

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartún 6
105 Reykjavík

Sími: 551-8150

Netfang: skog@skog.is
www.skog.is

JS/ISLAND – A part of JS Danmark • Copyright © Mikkelsen A/S • 15011 • www.jsdanmark.dk